

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 1215/2011  
fyrir hundahald í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar breytist og hljóðar svo:

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráningargjald kr. 14.000

Skráningargjald eftir útrunninn frest kr. 18.000

Auk þess skal innheimta eftirlitsgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru á árinu.

Bráðabirgðaskráning kr. 7.000

2. gr.

Breyting þessi er samþykkt af aðildarsveitarfélögum heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og staðfestist hér með vísun til ákvæða 12. gr. og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Garðabæ, 9. nóvember 2015.*

F.h. heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,

**Guðmundur H. Einarsson** framkvæmdastjóri.

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 1215/2011 fyrir hundahald  
í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar breytist og hljóðar svo:

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráningargjald kr. 13.600

Skráningargjald eftir útrunninn frest kr. 17.000

Auk þess skal innheimta eftirlitsgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru á árinu.

Bráðabirgðaskráning kr. 6.800

2. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar breytist og hljóðar svo:

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur kr. 12.600

3. gr.

Auglýsing þessi er samþykkt af aðildarsveitarfélögum heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og staðfestist með vísun til ákvæða 12. gr. og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustu-  
hætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Garðabæ, 10. desember 2014.*

F.h. heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,

**Guðmundur H. Einarsson** framkvæmdastjóri.

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 1215/2011 fyrir hundahald  
á Álftanesi, í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar breytist og hljóðar svo:

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráningargjald kr. 13.000

Skráningargjald eftir útrunninn frest kr. 16.900

Auk þess skal innheimta eftirlitsgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

Bráðabirgðaskráning kr. 6.500

2. gr.

Auglýsing þessi er samþykkt af aðildarsveitarfélögum heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og staðfestist með vísun til ákvæða 12. gr. og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustu-  
hætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu.

*Garðabæ, 8. nóvember 2013.*

F.h. heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,

**Guðmundur H. Einarsson** framkvæmdastjóri.

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir hundahald á Álftanesi, í Garðabæ,  
Hafnarfirði og Kópavogi, nr. 1215/2011.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar breytist og hljóðar svo:

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráningargjald kr. 12.600

Skráningargjald eftir útrunnin frest kr. 16.200

Auk þess skal innheimta eftirlitsgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru á árinu.

Bráðabirgðaskráning kr. 6.300

2. gr.

Auglýsing þessi er samþykkt af aðildarsveitarfélögum heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og staðfestist hér með vísun til ákvæða 12. gr. og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu.

*Garðabæ, 8. nóvember 2012.*

F.h. heilbrigðisnefndar,

**Guðmundur H. Einarsson** framkvæmdastjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2012

## GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Álftanesi, í Garðabæ,  
Hafnarfirði og Kópavogi.

### 1. gr.

Af hundum í Sveitarfélaginu Álftanesi, Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað og Kópavogsbæ skal Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald, sbr. 15. gr. samþykktar nr. 154/2000 um hundahald í ofangreindum sveitarfélögum.

### 2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráningargjald kr. 12.000

Skráningargjald eftir útrunnin frest kr. 15.000

Auk þess skal innheimta eftirlitsgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

Bráðabirgðaskráning kr. 6.000

Auk þess skal innheimta eftirlitsgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem bráðabirgðaskráning gildir.

### 3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur kr. 12.000

### 4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

Afhending kr. 26.000

Fyrsta afhending skráðs hunds ef eftirlitsgjald og vottorð er í skilum við handsömun kr. 13.000

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

### 5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. grein er 1. febrúar og eindagi 1. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlega eftirlitsgjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu þegar gengið hefur verið frá afskráningu.

### 6. gr.

Hafi leyfishafi lokið námskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, er heilbrigðisnefnd heimilt, að fenginni umsókn, að lækka gjöld skv. 3. grein gjaldskrár þessarar um allt að helming, frá þeim tíma sem fullnægjandi gögn voru lögð fram, enda mæli ekki önnur atriði á móti því sbr. samþykkt um hundahald nr. 154/2000. Skilyrt er að gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari séu ekki í vanskilum.

### 7. gr.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður eða lækka gjöld skv. 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega til heilbrigðisnefndar.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Álftaness 24. nóvember 2011, bæjarstjórn Garðabæjar 1. desember 2011, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 9. nóvember 2011 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar 13. desember 2011, staðfestist hér með vísun til ákvæða 12. gr. og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1104/2010 fyrir hundahald á Álftanesi, í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

*Garðabæ, 14. desember 2011.*

F.h. heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,  
**Guðmundur H. Einarsson** framkvæmdastjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2011